

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS

STÖRF 125. LÖGGJAFARÞINGS 1999–2000
REKSTUR ÁRIÐ 2000

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsætisnefnd	5
Þingstörfin	6
Þingmál	6
Þingfundir	7
Þingnefndir	10
Þingflokksfundir	11
Þingmenn og þingflokkar á 125. þingi	12
Erlend samskipti	13
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis	13
Alþjóðanefndir	15
Annað	16
Útgáfa þingmála og efnis þingfunda	17
Upplýsinga- og tæknimál	18
Skrifstofa Alþingis	20
Yfirstjórn skrifstofu Alþingis	20
Svið skrifstofunnar	20
Starfsfólk	21
Húseignir Alþingis	24
Sérstök verkefni	25
Rit um kristni á Íslandi	25
Þjóðvinafélagið	25
Stofnanir Alþingis	26
Umboðsmaður Alþingis	26
Ríkisendurskoðun	26
Jónshús í Kaupmannahöfn	26
Rekstur Alþingis	27
Rekstrargjöld	28
Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu	29
Áritun endurskoðenda	29
Rekstrarreikningur	30
Efnahagsreikningur	31
Skýringar með ársreikningi	32
Ávörp flutt á kristnihátíð á Þingvöllum	37
Ávarp Edward Idris Cassidy, fulltrúa Páfagarðs	38
Ávarp Kristi Kolle Grøndahl, forseta norska Stórþingsins	39
Ávarp Sólveigar Pétursdóttur, dóms- og kirkjumálaráðherra	40

Inngangur



Ársskýrsla Alþingis kemur nú út í þriðja sinn. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir störf Alþingis á 125. löggjafarþingi auk þess sem hún greinir frá rekstri þingsins fjárhagsárið 2000.

Þinghaldið stóð að venju frá þingsetningu 1. október og fram á sumar og lauk hefðbundnum þingstörfum 13. maí 2000. Þingið kom svo saman til tveggja funda um sumarið og voru þeir haldnir í tilefni þess að þúsund ár voru þá liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn hér á landi. Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík 30. júní og sá síðari, sem var sérstakur hátíðarfundur, var haldinn á Þingvöllum 2. júlí.

Nokkur þingmál ollu talsverðum ágreiningi og löngum umræðum á 125. löggjafarþingi, og má þar einkum nefna frumvarp um að heimila sölu hlutfjár ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frumvarp um sölu ríkissjóðs á hlutfé í Landssíma Íslands og frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga. Um meiri hluta þingmála gildi hins vegar eins og áður að um þau var allgóð samstaða. Eitt slíkra mála var frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof en með samþykkt þess frumvarps var leiddur í lög sami réttur karla og kvenna til fæðingarorlofs.

Líkt og á fyrri þingum var langmestum tíma þingsins varið til umfjöllunar og afgreiðslu á lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum. Þannig tók þessi þáttur þingstarfa um 418 klukkustundir af þeim 539 klukkustundum sem þingfundir stóðu

eða nær 80% þingfundatímans en rúmlega 20% tímans fóru m.a. í skýrslur, fyrirspurnir og utandagskrárumræður. Í þingnefndum var svo 779 klukkustundum varið til viðbótar til umfjöllunar um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og því ljóst að meðferð þessara mála í nefndum er sá þáttur sem mestan tíma tekur í störfum þingsins.

Sú breyting varð á skipan Alþingis á 125. þingi að Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, 12. þingmaður Reykvikinga, afsalaði sér þingmennsku frá og með áramótum 2000. Þingsæti hans tók Jónína Bjartmarz og við það jókst hlutfall kvenna sem sæti eiga á Alþingi úr rúmum 33% í tæp 35%. Alþingi bætti þar með enn stöðu sína í alþjóðlegum samanburði en samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaþingmannasambandinu var Alþingi með sjötta hæsta hlutfallið eftir alþingiskosningarnar 1999. Aðeins á hinum norrænu þjóðþingunum og á hollenska þinginu er hlutfallið herra.

Eitt af því sem einkennir starf fastanefnda Alþingis er sá mikli fjöldi einstaklinga sem kemur á fund nefndanna. Ýmist koma menn að ósk nefndanna eða að eigin frumkvæði. Á 125. löggjafarþingi komu 1.869 manns á fundina. Voru það einkum fulltrúar hagsmunasamtaka, embættismenn frá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra og ýmsir sérfræðingar. Eins og vænta má komu langflestir á fund fjárlaganefndar eða 558 manns.

Skólanemendum sem heimsækja Alþingi til að fræðast um störf þess og skoða Alþingishúsið fjölgar með ári hverju. Þessi aukni áhugi er vissulega gleðiefni en þar hafa verið viss vandkvæði á þar sem aðstaða er ekki góð í Alþingishúsinu til að taka á móti stórum hópum gesta. Aðstaðan mun batna til mikilla muna við tilkomu þjónustuskála Alþingis en gert er ráð fyrir að hann verði tekinn í notkun haustið 2002.

Að öðru leyti vísast til þess sem hér fer á eftir og er það von mín að ársskýrslan megi gagnast öllum þeim sem vilja fá handhægt tölulegt yfirlit um störf og rekstur þingsins.

*Friðrik Ólafsson,
skrifstofustjóri Alþingis.*

Forsætisnefnd

Á þingsetningarfundi föstudaginn 1. október 1999 var Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurlandskjördæmis eystra, endurkjörinn forseti Alþingis með 39 atkvæðum en 18 þingmenn greiddu ekki atkvæði. Á fundi sama dag voru endurkjörnir varaforsetar án atkvæðagreiðslu Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykjaneskjördæmis, Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturlandskjördæmis, Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurlandskjördæmis, og Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurlandskjördæmis eystra. Skipuðu þeir forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar. Líkt og á fyrri þingum voru fastir fundir forsætisnefndar á þingtíma haldnir á mánudagsmorgnum. Á 125. löggjafarþingi, 1999–2000 voru haldnir 33 fundir í forsætisnefnd.

Verkefni forsætisnefndar eru samkvæmt þing-sköpum einkum að skipuleggja þinghaldið (m.a. að ganga frá vikuáætlunum fyrir þingfundi), hafa umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi tekur þátt í, gera fjárhagsáætlanir fyrir þingið og stofnanir þess og að setja almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Nefndin fjallar enn fremur um málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra, þ.e. umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar, svo og Jónshúss í Kaupmannahöfn.

Þau mál sem hafa tekið mestan tíma á fundum nefndarinnar á 125. löggjafarþingi eru húsnæðismál þingsins, einkum leiga og framkvæmdir við húsnæði fyrir fastanefndir og þingmenn í Austurstræti 8–10A, ýmis erindi frá þingmönnum og fastanefndum þingsins, einkum varðandi þátttöku í alþjóðlegum þingmannaráðstefnum, framkvæmd þingskapa og undirbúningur kristnihátíðar á Þingvöllum í júlí 2000.



Forsætisnefnd og skrifstofustjóri Alþingis: Halldór Blöndal forseti, Guðjón Guðmundsson, 2. varaforseti, Árni Steinar Jóhannsson, 4. varaforseti, Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason, 3. varaforseti, og Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti.

Þingstörfin

Forseti Íslands setti 125. löggjafarþing samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar fyrsta dag októbermánaðar 1999. Þinghaldi var frestað 21. desember 1999 til 1. febrúar 2000. Þingið hélt áfram störfum sínum frá 1. febrúar til 13. maí en var þá frestað til 30. júní. Alþingi kom saman í Reykjavík 30. júní og til hátíðarfundar á Þingvöllum sunnudaginn 2. júlí. Þingstörfum var síðan frestað til septemberloka.

Þingfundir voru alls 123 á 91 þingfundardegi. Lengsti þingfundurinn stóð í u.þ.b. 15 klst.

Síðasta vikan í október var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalda í kjördæmi sínu. 21 starfsdagur var eingöngu helgaður nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndarfundu yfir þingtímann.

Hæst bar hátíðarfund á Þingvöllum þar sem þess var minnst að þúsund ár voru liðin frá því að kristni var lögtekin á Alþingi.

Þingmál



Frumvörp voru alls 229 og þar af voru 138 samþykkt sem lög. Tillögur til þingsályktunar voru 102 og voru 27 samþykktar sem ályktanir Alþingis.

Í töflu um þingmál má sjá nánari sundurliðun á því hve mörg mál voru lögð fram, flytjendum, afgreiðslu málanna og hvort afgreiðslan var samhljóða eða með ágreiningi og hversu mörg voru óafgreidd við lok þingstarfa.

Fyrirspurnir voru 288 og var 271 svarað. Óundirbúnaðar fyrirspurnir voru 49 og var þeim öllum svarað. Skýrslur voru 33, beiðnir um skýrslu voru 10 og bærust fimm skýrslur samkvæmt beiðnum (ein beiðni var kölluð aftur), munnleg skýrsla ráðherra var ein og aðrar munnlegar skýrslur tvær. Athugasemdir um störf þingsins voru á 28 þingfundum. Umræður utan dagskrár voru 35. Stjórnarþingmenn hófu tvær og stjórnarandstöðupingmenn 33.




Þingmenn koma til hátíðarfundar á Þingvöllum þar sem þess var minnst að þúsund ár voru liðin frá því að kristni var lögtekin.




Þingfundir

Á 125. þingi var heildarfundartími 539 klst. Hann skiptist á eftirfarandi hátt: Ræður um frumvörp: 289 klst., ræður um þingsályktunartillögur: 109 klst., atkvæðagreiðslur: 20 klst., skýrslur: 28 klst., svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum: 38 klst., utandagskrárumræður: 22 klst., ræður um störf þingsins í upphafi fundar: 9 klst., almennar stjórn málaumræður, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana: 5 klst., annað (t.d. tafir milli dagskrárliða, tilkynningar forseta, útbýting þingskjala, minningarorð, kosningar, setning og slit þingfunda): 19 klst. Umræður um fundar-

stjórn forseta tóku rúmlega klukkustund en eru ekki tilgreindar sérstaklega heldur dreifast milli annarra dagskrárliða.





Í ávarpi sínu á hátíðarfundinum rifjaði forseti Alþingis upp kristnitöku á Þingvöllum fyrir þúsund árum.

FJÖLDI OG LENGÐ ÞINGFUNDA

Löggjafarþing	Fjöldi	Dagar	Klst.
117 (1993–1994)	162	112	636
118 (1994–1995)	109	77	412
120 (1995–1996)	163	113	621
121 (1996–1997)	132	97	535
122 (1997–1998)	147	113	654
123 (1998–1999)	91	69	384
125 (1999–2000)	123	91	539

119. og 124. löggjafarþing voru stutt aukarþing eftir alþingiskosningar 1995 og 1999.

Þingmál á 125. löggjafarþingi.

Flutningsmenn	Frumvörp til laga
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 145 Lög: 127 Óafgreidd: 18 Afgreidd samhljóða: 80 Ágreiningur: 47
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 13 Lög: 4 Óafgreidd: 8 Fellt: 1 Afgreidd samhljóða: 2 Ágreiningur: 2
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Frumvörp alls: 61 Lög: 0 Óafgreidd: 59 Visað til ríkisstjórnarinnar: 2 Afgreidd samhljóða: 0 Ágreiningur: 0
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 10 Lög: 7 Óafgreidd: 3 Afgreidd samhljóða: 7 Ágreiningur: 0

<i>Flutningsmenn</i>	Tillögur til þingsályktunar	
Ríkisstjórnin	Þingsályktunartillögur alls: 20 Þingsályktanir: 19 Afgreiddar samhljóða: 13 Ágreiningur: 6	Óafgreidd: 1
Stjórnarþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 27 Þingsályktanir: 4 Afgreiddar samhljóða: 4 Ágreiningur: 0	Óafgreiddar: 22 Fellð: 1
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 54 Þingsályktanir: 3 Afgreiddar samhljóða: 2 Ágreiningur: 1	Óafgreiddar: 51
Nefnd	Þingsályktunartillögur: 1 Þingsályktun: 1 Afgreiddar samhljóða: 0 Ágreiningur: 1	
<i>Flutningsmenn</i>	Fyrirspurnir	
Stjórnarþingmenn	Munnlegar: 45 Skriflegar: 36 Óundirbúnar: 9	Þar af svarað: 42 Kölluð aftur: 1 Öllum svarað Öllum svarað
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Munnlegar: 120 Skriflegar: 87 Óundirbúnar: 40	Þar af svarað: 109 Þar af svarað: 84 Kölluð aftur: 1 Öllum svarað
<i>Flutningsmenn</i>	Skýrslur/beiðni	
Ríkisstjórn	Skýrslur: 19 Skýrslur samkvæmt beiðni: 5	
Nefnd	Skýrslur: 9	

Þingnefndir

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hefur það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þingmanna og varapingmanna.

Kosið var í fastanefndirnar á fyrsta fundi 125. löggjafarþings. Kosið var í sérnefnd um stjórnarskrármál en hún kom aldrei saman til fundar.

Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þingmenn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Á 125. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Þá voru 21,5 dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 384 fundi á þinginu sem stóðu samtals í 779 klst. Nefndirnar afgreiddu samtals 159 mál en 263 málum var vísað til þeirra.

Samtals voru boðaðir 1.869 gestir á fundi nefndanna.



Wolfgang Thierse, forseti þýska sambandsþingsins, var í opinberri heimsókn 1.–3. september 2000. Hann átti m.a. fundi með formanni utanríkismálanefndar Alþingis, Tómasi Inga Orlích, og formanni Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, Vilhjálmi Egilssyni.

Nefndirnar sendu 3.697 beiðnir um umsagnir um samtals 262 þingmál og bárust um 2.900 erindi. Þá bárust 104 erindi sem vörðuðu önnur mál.

Af þeim 263 þingmálum sem vísað var til nefnda voru 192 lagafrumvörp, þar af 142 frá ríkisstjórn, en 50 flutt af þingmönnum. Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 134 lagafrumvörp, 128 stjórnarfrumvörp en 6 þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru 16 frá ríkisstjórn en 55 voru fluttar af

NEFNDASTÖRF Á 125. ÞINGI

	Fundur	Fundar- tími	Mál til nefnda	Nefndar- álit	Breytingar- tillögur	Umsagnar- beiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Afgreidd mál	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	30	77	50	29	15	387	259	113	26	1
Efnahags- og viðskiptanefnd	56	135	57	55	31	781	567	336	43	3
Félagsmálanefnd	24	41	19	12	4	979	228	77	10	0
Fjárlaganefnd	49	105	2	9	14	0	649	558	2	0
Heilbrigðis- og trygginganefnd	25	48	15	6	5	267	174	112	6	0
Iðnaðarnefnd	32	70	13	11	7	119	158	130	9	0
Landbúnaðarnefnd	21	32	12	11	4	131	70	43	6	1
Menntamálanefnd	25	48	15	10	5	126	101	89	8	0
Samgöngunefnd	31	52	26	27	13	218	180	110	17	3
Sjávarútvegnefnd	20	28	15	11	4	240	141	53	8	0
Umhverfisnefnd	38	90	16	11	5	343	237	148	8	2
Utanríkismálanefnd	33	53	22	23	7	106	102	100	16	0
Sérnefnd			1							
Alls	384	779	263	215	114	3.697	2.866	1.869	159	10

þingmönnum. 16 stjórnartillögur voru afgreiddar með nefndarálit en 8 þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru þrjár á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 104 þingmálum, 15 frá ríkisstjórn og 89 frá þingmönnum.

Fastanefndir eða meiri hluti þeirra fluttu tíu frumvörp í eigin nafni og hlutu sjö þeirra lokaafgreiðslu. Einnig flutti ein nefnd tillögu til þingsályktunar og var hún samþykkt.

Á 125. löggjafarþingi skilaði ein nefnd skýrslu um mál sem tekið var upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. þingskapa Alþingis.

Nánari upplýsingar um nefndafundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála og skiptingu þeirra milli fastanefndanna tólf, er að finna í töflu um nefndastörf á 125. þingi.

Á hverju ári fara fastanefndir þingsins í lengri eða styttri vettvangsferðir innan lands. Flestar lengri ferðirnar eru farnar að sumarlagi. Á 125. löggjafarþingi hafa fastanefndir farið í nokkrar heimsóknir í stofnanir en efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, landbúnaðarnefnd, samgöngunefnd og umhverfisnefnd fóru í lengri vettvangsferðir.

Erlend samskipti fastanefnda hafa ekki verið mikil en hafa þó aukist á undanförunum árum.

Utanríkismálanefnd og umhverfisnefnd eru einu fastanefndirnar sem hafa reglubundin erlend samskipti. Einu sinni á ári halda fulltrúar utanríkismálanefndar fund með fulltrúum Evrópuþingsins. Síðasti fundur var haldinn í Reykjavík í júní 2000. Fulltrúar umhverfisnefndar hafa tekið þátt í starfi þingmannasamtaka um umhverfismál, GLOBE, og einnig í samstarfi umhverfisnefnda þjóðþinga EES-rikkanna. Að öðru leyti eru utanlandsferðir fastanefnda ákveðnar sérstaklega hverju sinni. Engin slík ferð var farin á 125. löggjafarþingi.

Nokkuð er um heimsóknir þingnefnda frá öðrum ríkjum til fastanefnda Alþingis og utanríkismálanefnd hittir að máli flesta erlenda gesti sem koma hingað til landsins í opinberar heimsóknir. Nokkrir slíkir fundir voru haldnir á 125. löggjafarþingi.

Þingflokksfundir

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku á þingtíma. Á 125. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 51 fund, þingflokkur Frjálslynda flokksins 60 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 61 fund, þingflokkur Sjálfstæðisflokksins 47 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 62 fundi.



Á hátíðarfundinum á Þingvöllum 2. júlí var samþykkt tillaga til þingsályktunar um stofnun Kristnihátíðarsjóðs. Atkvæði eru greidd með handaupprettingu.

Þingmenn og þingflokkar á 125. þingi

Finnur Ingólfsson, 12. þingmaður Reykvíkinga, afsalaði sér þingmennsku í árslok 1999. Þingsæti hans tók Jónína Bjartmarz og varð 16. þingmaður Reykvíkinga. Við þessa breytingu jókst hlutfall kvenna á Alþingi úr 33,3% í 34,9%. Á 125. löggjafarþingi tóku 23 varamenn sæti, þar af 15 í fyrsta sinn.

Þingmenn frá áramótum 1999–2000

Framsóknarflokkur:

1. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
2. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
3. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
4. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
5. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
6. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
7. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
8. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
9. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
10. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
11. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

Frjálslyndi flokkurinn:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
2. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Samfylkingin:

1. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
2. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
3. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
4. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
5. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
7. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
8. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
9. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
10. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
11. Margrét Frimannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
12. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
13. Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.
14. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
15. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
16. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
17. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Sjálfstæðisflokkur:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
5. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
6. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
7. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
8. Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.
9. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
10. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
11. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
12. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
14. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
16. Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
17. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
18. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
19. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
20. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
21. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
22. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
23. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
24. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
25. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.
26. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð:

1. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.
2. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
3. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
4. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
5. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
6. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Erlend samskipti

Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis

Opinberar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var ásamt sendinefnd í opinberri heimsókn í Þýskalandi í boði forseta þýska sambandsþingsins (Bundestag), Wolfgang Thierse, dagana 2.–7. apríl 2000. Í sendinefndinni voru jafnframt þingmennirnir Guðmundur Árni Stefánsson, Tómas Ingi Olrich, Kristinn H. Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri og Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Var þetta í fyrsta sinn sem forseti Alþingis fer í opinbera heimsókn til Þýskalands. Forseti Alþingis átti fundi með Thierse og ýmsum þingmönnum á þýska sambandsþinginu, þar á meðal fulltrúum allra þingflokka og fulltrúum utanríkismálanefndar. Í heimsókninni fóru forseti Alþingis og sendinefnd hans einnig til Cuxhafen, Hamborgar og Stuttgart og áttu fundi með fulltrúum sambandsríkjanna og fulltrúum ýmissa fyrirtækja.

Opinberar heimsóknir til Alþingis

Dagana 1.–3. september 2000 kom Wolfgang Thierse, forseti þýska sambandsþingsins (Bundestag), í opinbera heimsókn til Íslands. Thierse hitti forseta Alþingis, hann átti fundi með 1. varaforseta Alþingis, Guðmundi Árna Stefánssyni, formanni utanríkismálanefndar, Tómasi Inga Olrich, og formanni Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, Vilhjálmi Egilssyni. Þá hélt Thierse fund með formönnum þingflokka.

Li Peng, forseti kínverska þingsins, kom í opinbera heimsókn til Íslands dagana 2.–4. september 2000. Hann hitti Guðmund Árna Stefánsson, 1. varaforseta Alþingis, og fulltrúa úr forsætisnefnd Alþingis. Heimsóknin varð söguleg, m.a. vegna mótmæla á Austurvelli gegn stjórnarháttum í Kína. Li Peng felldi niður heimsókn sína í Alþingishúsið.

Dagana 4.–5. september 2000 kom Klaus Bühler, forseti þings Vestur-Evrópusambandsins, í heimsókn til Íslands í boði forseta Alþingis. Bühler átti fund með Árna Steinari Jóhannssyni, 4. varafor-

seta Alþingis, og Íslandsdeild VES-þingsins, svo og íslenskum ráðamönnum.

Aðrar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis fór til Vilmíus í Litháen 11. mars 2000 í boði Vitautas Landsbergis, forseta Seimas, þings Litháa, á tíu ára sjálfstæðisafmæli landsins. Með forseta í för voru Árni Steinar Jóhannsson, 4. varaforseti Alþingis, og Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri. Í ferðinni hitti forseti Alþingis Valdas Adamkus, forseta Litháens, að máli og var viðstaddur opnun hátíðarsýningar þar sem sjálfstæðisafmælisins var minnst.

Dagana 3.–5. maí 2000 fór forseti Alþingis, Halldór Blöndal, ásamt Ísólfi Gylfa Pálmasyni, 3. varaforseta Alþingis, og Þorsteini Magnússyni, forstöðumanni almennrar skrifstofu, til Ríga í Lettlandi í boði forseta lettneska þingsins. Lettar minntust þess 4. maí að tíu ár voru liðin frá því að lettneska þingið lýsti yfir þeim ásetningi sínum að endurvekja sjálfstæði landsins.



Sir David Steel, forseti skoska þingsins, færir Alþingi að gjöf eikarstól í tilefni kristnihátíðarhaldanna.



Tarja Halonen, forseti Finnlands, og eiginmaður hennar, Pentti Arajävi, komu ásamt forseta Íslands í heimsókn í Alþingishúsið 19. september 2000 í boði forseta Alþingis og sjást þau hér virða fyrir sér Þjóðfundarmálverkið í anddyri Alþingishússins ásamt þremur af varaforsetum þingsins.

Kristnihátíð

Forseti Alþingis fékk marga erlenda gesti á kristnihátíð. Tólf þingforsetar, m.a. frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, heimsóttu Alþingi af þessu tilefni. Þeir skoðuðu sýningar er tengdust kristnitökuafmælinu og tóku síðan þátt í hátíðarhöldum á Þingvöllum. Forseti norska Stórþingsins flutti fyrir hönd gestanna ávarp á Þingvöllum að loknum þingfundi.

Fundir þingforseta

Árlegur fundur þingforseta Norðurlanda var haldinn 11.–15. ágúst 2000 á Grænlandi. Fundinn sóttu forseti Alþingis og skrifstofustjóri. Rætt var um viðtækt samstarf þinganna á alþjóðavettvangi og fyrirkomulag þingfunda Norðurlandaráðs. Auk hefðbundinna fundahalda ferðuðust forsetarnir um Grænland og fræddust um landsins hag.

Fundur þingforseta aðildarríkja Evrópuráðsins var haldinn í Strassborg í Frakklandi dagana 5.–6. maí 2000. Fulltrúi Alþingis á fundinum var Ísólfur Gylfi Pálmason, 3. varaforseti Alþingis, en með honum í för var Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu.

Fundur þingforseta aðildarríkja Alþjóðáþingmannasambandsins var haldinn í fyrsta sinn í lok ágúst 2000 í byggingu Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann sótti Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti Alþingis, ásamt Belindu Theriault, forstöðumanni alþjóðasviðs.

Þátttaka í öðru alþjóðastarfi

Þingið í þýska sambandslandinu Schleswig-Holstein býður Alþingi árlega til þátttöku í Kílarvikunni svonefndu. Það býður þingmönnum meðal annars frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum,

Póllandi og Rússlandi til tveggja daga ráðstefnu um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, svo sem öryggismál og umhverfismál. Kílarviku, 17.–20. júní 2000, sótti 4. varaforseti Alþingis, Árni Steinar Jóhannsson, ásamt Kristjáni L. Möller og Guðmundi Hallvarðssyni.

Á eyrni Mön fer árleg þingsetning fram í júlí undir berum himni á Þingvöllum eða „Tynwald“ eins og staðurinn heitir þar. Þekking Manarbúa á fyrirkomulagi þingstarfsins til forna kemur að mestu úr íslenskum bókmenntum. Alþingi er boðið til þingsetningarinnar ár hvert. Að þessu sinni fór Guðjón Guðmundsson, 2. varaforseti Alþingis.

Víkingaskipið Íslendingur kom að vesturströnd Bandaríkjanna snemma í október 2000 og hélt Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti Alþingis, vestur um haf og var gestgjafi við hátíðahöld í til efni af komu skipsins. Með honum í för var Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu.

Forseti Alþingis fær boð á fjölmargar alþjóðlegar þingmannaráðstefnur ár hvert. Aðeins er unnt að sinna fáum slíkum erindum. Á 125. þingi sendi hann fulltrúa m.a. á aðra Eystrasaltsráðstefnu kvenna og Eystrasaltsráðstefnuna í Malmö.

Heimsóknir tignargesta í Alþingishúsið

Þegar þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar heimsækja Ísland í boði stjórnvalda er venja að þeir komi í heimsókn í Alþingishúsið og eigi þar fund með forseta Alþingis og þingmönnum. Á það oft jafnframt við um ráðherra og háttsetta embættismenn sem koma til landsins í opinberum erindagjörðum.

Eftirtaldir tignargestir heimsóttu Alþingishúsið á 125. þingi:

Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 11. maí 2000.

Tarja Halonen, forseti Finnlands, kom í heimsókn í Alþingishúsið þriðjudaginn 19. september 2000.

Jafnframt heimsóttu Alþingishúsið eftirfarandi embættismenn: Liu Hezhanh, ríkisendurskoðandi Kína, þriðjudaginn 13. júní 2000, og Han Zhubin, vararíkissaksóknari Kína, þriðjudaginn 20. júní 2000.

Aðrar heimsóknir í Alþingishúsið

Nokkuð er um það að þingmannahópar komi til Íslands á eigin vegum og óski eftir því að koma í þinghúsið og hitta þingmenn. Til dæmis var tekið á móti þingmönnum frá Þýskalandi í júlí 2000 og frá Japan í ágúst 2000 og áttu þeir fundi með þingmönnum.

Til viðbótar tók forseti að venju á móti erlendum sendiherrum sem óskuðu eftir fundi með honum, oftast í tengslum við afhendingu trúnaðarbréfs.

Alþjóðanefndir

Á Alþingi starfa átta alþjóðanefndir (Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka) sem sinna þátttöku þingsins í þeim fjölþjóðlegu þingmannasamtökum sem Alþingi á aðild að. Á 125. þingi störfuðu alþjóðanefndir með venjubundnum hætti. Nýjar nefndir voru kjörnar í kjölfar alþingiskosninga og héldu þær allar fundi á fyrstu vikum nýs þings og kusu sér formann og varaformann.

Alþjóðaðingmannasambandið (IPU) heldur tvö þing á ári. Á 125. þingi voru þing haldin í Berlín (október 1999) og í Amman í Jórdaníu (mars 2000) og tók Íslandsdeildin virkan þátt í þeim. Jafnframt var haldinn norrænn samráðsfundur fyrir hvort þing. Auk þess sóttu tveir fulltrúar nefndarinnar sérstakan fund Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál í júní 2000.

Evrópuráðsþingið hefur aðsetur í Strassborg. Íslandsdeildin sótti alla þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru á tímabilinu, alls fjóra, í janúar, apríl, júní og september. Auk þess sóttu þingmenn Íslandsdeildarinnar fjölmarga nefndarfundi og tóku að sér ýmis trúnaðarstörf.

NATO-þingið kemur tvisvar sinnum saman á ári hverju. Ársfundur NATO-þingsins árið 1999 var haldinn í nóvember í Amsterdam og vorfundur NATO-þingsins 2000 var haldinn í Búdapest í maí. Tók Íslandsdeildin virkan þátt í fundum þessum og fylgdist þar að auki grannt með annarri starfsemi og sóttu fulltrúar hennar nokkra nefndarfundi á tíma-bilinu.

Hið árlega **Norðurlandaráðsþing** var haldið í Stokkhólmi í nóvember 1999. Þemaráðstefna um þekkingu og framfarir á Norðurlöndum – stefnu-

mótun fyrir 21. öldina var haldin í Kaupmannahöfn í mars 2000. Tók Íslandsdeild Norðurlandaráðs þátt í báðum þessum atburðum. Íslandsdeildin tók jafnframt fullan þátt í starfi nefnda og flokkahópa á vegum Norðurlandaráðs. Fundur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs var haldinn á Hvolsvelli í maí 2000 í boði Íslandsdeildarinnar. Sigríður A. Þórðardóttir alþingismaður var forseti Norðurlandaráðs árið 2000. Sem forseti stjórnaði hún starfi ráðsins og sótti marga alþjóðlega fundi og atburði fyrir hönd þess. T.d. var hún við opnun víkingasýningar í Washington og hélt ávarp á 16. Eyrstrasaltsþinginu og flutti ávarp og tók þátt í hringborðsumræðum á ráðstefnu um efnahagsmál í St. Pétursborg í Rússlandi.

Í júní 2000 hélt forsætisnefnd **Vestnorræna ráðsins** fund í Reykjavík og hélt einnig samráðsfund með vestnorrænum samstarfsráðherrum. Í júlí 2000 var menningarráðstefna Vestnorræna ráðsins haldin í Qaqortoq á Grænlandi og í kjölfarið voru Þjóðhildarkirkja og bær Eiríks rauða vígð í Brattahlíð, en ráðið átti stóran þátt í byggingu þeirra. Ársfundur Vestnorræna ráðsins var haldinn í Þórshöfn í Færøjum í september 2000.

Alþingi á aukaaðild að **Vestur-Evrópusambandinu (VES-þinginu)**. VES-þingið, sem hefur aðsetur í París, heldur tvo fundi árlega og var sá fyrri í desember 1999 og sá seinni í júní 2000. Íslandsdeildin tók þátt í báðum fundunum. Að auki sótti formaður nokkra fundi um þróun evrópskra varnarmála og framtíð VES-þingsins.

Íslandsdeild **Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins)** sótti ÖSE-þing í júlí 2000 í Búkarest í Rúmeníu.

Íslandsdeild **þingmannanefndar EFTA** sótti fundi á vegum þingmannanefndarinnar á 125. þingi, þ.e. fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannaefndar EES og fundi með ráðherraráði EFTA. Þá fylgdist Íslandsdeildin með þróun mála hjá Evrópusambandinu, Evrópuþinginu og EFTA.

Frekari upplýsingar um starfsemi alþjóðanefnda má finna í ársskýrslum þeirra til Alþingis.

Annað

Fundir fulltrúa í **þingmannanefnd um norðurskautsmál** voru haldnir í nóvember 1999 (í Ottawa) og í febrúar og mars 2000 (í Stokkhólmi og Washington) og sótti fulltrúi Alþingis í nefndinni fundina. Jafnframt var haldin fjórða þingmannaráðstefnan um norðurskautsmál í ágúst 2000 í Rovaniemi í Finnlandi og sóttu hana tveir alþingismenn fyrir hönd Alþingis, en jafnframt tveir aðrir alþingismenn sem voru fulltrúar Norðurlandaráðs.

Alþingi sendir fulltrúa til að taka þátt í **allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna** á hverju hausti. Að venju var þátttakendum Alþingis skipt í tvo hópa, sem sátu allsherjarþingið tvær vikur í senn.

Útgáfa þingmála og efnis þingfunda

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum samkvæmt 1. mgr. 88. gr. þingskapa.

Útgáfa Alþingistíðinda á 125. löggjafarþingi var hefðbundin. Þingfundir stóðu í 539 klukkustundir.

ÞINGMÁL (lausaskjöl, hefti og vefútgáfa þingskjala)

Lausaskjöl: Þingskjölum er útbýtt á þingfundi og þau síðan sett á vefinn svo fljótt sem auðið er. Þingskjöl (lausaskjöl) urðu samtals 1.424.

Skjalahefti: Skjölin á 125. þingi verða gefin út í 22 skjalaheftum á u.þ.b. 6.500 blaðsíðum, en í þeirri útgáfu eru sum þeirra stytta, þ.e. fellt er brott efni sem t.d. hefur birst áður eða er aðgengilegt annars staðar, t.d. fylgiskjöl.

Lög og þingsályktanir: Lög, sem þingið hefur samþykkt, er að finna á vefnum undir síðasta þingskjalsnúmeri máls. Jafnframt er stjórnartíðindanúmer skráð þegar lögín hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum. Lögín urðu samtals 138. Þingsályktanirnar, sem urðu samtals 27, er að finna undir síðasta þingskjalsnúmeri málsins.

Aðalefnisyfirlit: Yfirlit yfir 125. þing kemur út og verður það u.þ.b. 300 blaðsíður.

ÞINGRÆÐUR (hefti og vefútgáfa þingræðna)

Umræðuhefti: Ræðuheftin á 125. þingi urðu alls 20, tæplega 7.000 dalkar.

Vefútgáfa: Ræðutexti var settur á netið, aðgengilegur öllum, að jafnaði einum til tveimur dögum eftir að ræður voru fluttar í þingsal.



Þingmenn koma til þingsetningar 1. október 1999.




Heildarfundartími á 125. þingi var 539 klst.

Upplýsinga- og tæknimál

Starfshópur um stefnumörkun í upplýsingamálum Alþingis var stofnaður samkvæmt ákvörðun yfirtjórnar Alþingis í mars 2000. Eftirtaldir voru skipaðir í starfshópinn: Haukur Arnþórsson, forstöðumaður upplýsinga- og tæknisviðs, Hafdís Ólafsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs, og Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs. Ráðgjafar hópsins voru Páll Jenson prófessor og Bjarni Birgisson framkvæmdastjóri. Starfshópnunum til aðstoðar voru Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri almanna-tengsla, og Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu. Í tengslum við störf nefndarinnar var gerð úttekt á tölvuöryggismálum, þjónustukönnun fyrir tölvu-deild og upplýsingaþjónustu og úttekt á upplýsingamálum. Úttektin á upplýsingakerfum var mjög viðamikil og tók til allra skipulags-eininga skrifstofunnar. Niðurstöður hennar eru í aðalatriðum þær að tímabært sé að endurnýja sérgerð upplýsingakerfi Alþingis, kaupa þurfi staðlaða hugbúnaðarpakka til ákveðinna verkefna og þörf sé fyrir skriflega lýsingu á verkum, verkferlum og upplýsingaflæði. Hópurinn lauk ekki störfum á árinu 2000.

Helstu útgáfur á árinu 2000 voru Handbók Alþingis, en hún er gefin út eftir hverjar alþingis-kosningar, kynningarbæklingar um Alþingi á íslensku, ensku og dönsku og ársskýrsla Alþingis 1999.



FYRIRSPURNIR OG LEITIR HJÁ UPPLÝSINGAVAKT - BÓKASAFNI 2000

	Fyrirspurnir		Heimildaleitir	
	Starfsmenn, þingmenn	Einstaklingar, stofnanir	Upplýsinga- veitur	Safn
Janúar	109	76	54	39
Febrúar	166	96	90	57
Mars	150	98	145	67
Apríl	77	107	126	38
Mai	121	150	161	54
Júní	54	34	89	21
Júlí	40	28	53	13
Ágúst	67	64	86	35
September	148	106	152	39
Október	188	107	161	65
Nóvember	141	78	168	38
Desember	98	69	180	30
Samtals	1.359	1.013	1.465	496

Árið 2000 heimsóttu 4.852 gestir Alþingishúsið (4.792 árið 1999). Íslendingar voru samtals 2.903 og erlendir gestir 1.949. Flestir íslensku gestanna eru skólá-nemendur. Mikill meiri hluti er-lendu gestanna kemur á tímabilinu júní til nóvember.

Forseti Alþingis tekur einnig á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu og eru þeir ekki taldir með í fyrrgreindum tölum, né eru þar taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi.

Fyrirspurnir og beiðnir um heimildaöflun, sem afgreiddar voru af upplýsingavakt, voru alls 2.372 (2.363 árið 1999) og heildarleitir voru samtals 1.961 (1.541 árið 1999), sjá nánari sundurliðun í töflu.


Erindi, sem afgreidd voru hjá skjalaafgreiðslu árið 2000, voru 3.836 (3.711 árið 1999), sjá sundurliðun í töflu. Þar voru um 2.518 erindi afgreidd í síma en gestir sem komu í afgreiðsluna voru 1.318. Afgreiðslan er opin gestum 4 klst. á dag yfir þingtímann en lokað er í tæpa tvo mánuði yfir sumarið (júlí og ágúst). Þeir sem leita til skjala-

ERINDI TIL SKJALAAFGREIÐSLU ÁRIÐ 2000

Gestir	Fyrirspurnir í síma			Heildar-fjöldi
	Starfsmenn, þingmenn	Einstaklingar, stofnanir		
Janúar	124	41	163	328
Febrúar	133	70	156	359
Mars	199	78	225	502
Apríl	132	104	309	545
Mái	159	65	287	511
Júní	79	33	141	253
Júlí	0	0	0	0
Ágúst	0	0	0	0
September	45	27	89	161
Október	194	85	203	482
Nóvember	127	85	130	342
Desember	126	67	160	353
Samtals	1.318	655	1.863	3.836

afgreiðslu eru aðallega almenningur, námsfólk, starfsfólk ráðuneyta og lögfræðistofur. Mest er beðið um skjöl yfirstandandi þings en einnig er nokkuð um afgreiðslu skjala frá eldri þingum og aðstoð við öflun upplýsinga sem finna má á vef.

Skrifstofa Alþingis



Yfirstjórn skrifstofu Alþingis

Samkvæmt þingsköpum (9. gr.) hefur forseti Alþingis æðsta vald í stjórnsýslu þess og heyrir skrifstofan því undir hann. **Skrifstofustjóri Alþingis** er yfirmaður skrifstofunnar, ráðinn af forsætisnefnd, og stjórnar hann skrifstofunni í umboði forseta.

Ásamt skrifstofustjóra mynda aðstoðarskrifstofustjóri og rekstrar- og fjármálastjóri **yfirstjórn skrifstofunnar** (framkvæmdastjórn).

Aðstoðarskrifstofustjóri hefur yfirumsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem lýtur að hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. umsjón með undirbúningi þingmála og þingfunda. Hann er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis.

Rekstrar- og fjármálastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri þingsins er ekki tengist eiginlegum þingstörfum. Í því felst meðal annars yfirumsjón með fjármálum og starfsmannahaldi auk reksturs fasteigna. Rekstrar- og fjármálastjóra til aðstoðar er rekstrarskrifstofa.

Svið skrifstofunnar

Hlutverk **almennrar skrifstofu** er að vera forseta Alþingis, skrifstofustjóra og yfirstjórn skrifstofunnar til aðstoðar. Skrifstofan hefur því á hendi úrlausn

sérhæfðra verkefna og sameiginlegt skrifstofuhald fyrir forseta, skrifstofustjóra og yfirstjórn.

Helstu verkefni **þingfundasviðs** eru undirbúningur þingfunda, úrvinnsla umræðna á þingfundum, þar með talin útgáfa ræðuparts Alþingistíðinda (B-hluta) og efnisyfirlits, skráning og afgreiðsla þingmála, aðstoð við þingmenn á þingfundum, skjalavarsla og sérverkefni.

Nefndasvið Alþingis hefur tvö meginhlutverk. Annað er aðstoð við fastanefndir Alþingis. Í því felst allur undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við

yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartilagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagerð og veitir þeim og yfirstjórn þingsins lögfræðilega ráðgjöf. Hitt meginhlutverk sviðsins er útgáfa þingskjala, bæði á prenti og á vefsíðum, og skjalaparts Alþingistíðinda (A-hluta), svo og uppfærsla og umsjón með útgáfu lagasafns. Einnig er veigamikill þáttur í starfi nefndasviðs að veita aðilum utan þings upplýsingar er lúta að nefndastarfi þingsins, bæði fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem og einstaklingum.

Upplýsinga- og tæknisvið sameinar þær skipulagseiningar sem hafa mest með þau málefni að gera: almannatengsl, upplýsingaþjónustu og tölvudeild. Upplýsingaþjónusta sinnir skjalaafgreiðslu og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk og rekur bókasafn Alþingis. Almannatengsl annast vefritstjórn, ritstjórn kynningarefnis og móttöku gesta. Tölvudeild rekur tölvunet og tölvu- og hugbúnað Alþingis og annast tillögugerð og framkvæmdir á sviði upplýsingakerfa og tölvumála.

Á árinu 2000 var unnið að uppbyggingu innri tölvuneta skrifstofunnar. Lokið var endurnýjun á búnaði staðarnetsins með Cisco-skiptum og er nú sérstakt net með 100 Mb/sek. afköstum til hvernar

tölvu á staðarnetinu. Alþingi festi kaup á og kom fyrir nýjum öryggisbúnaði, Pix frá Cisco. Einnig voru vírusavarnir verulega endurbættar. Staðarnet Alþingis tengdist ATM landsneti Landssímans öflugri tengingu og hagnýtir þá tengingu til samstarfs um tölvunetmál við Ríkisendurskoðun. Að öðru leyti verða möguleikar þessarar tengingar nýttir á næstu árum.

Einnig var unnið að uppbyggingu þjónustustöðva Alþingis. Tekin var í notkun ný þjónustustöð frá HP fyrir tölvupóst, dagbók, prentarastýringar og fjölmargar netþjónustur. Stöðin er klasi sem þýðir að hún er tvær fjölörgjörva tölvur sem nota sömu seguldiskana og leysa hvor aðra af hólmi ef bilum verður. Jafnframt eru seguldiskar speglaðir. Henni er ætlað að styrkja verulega tölvupóstþjónustu á neti Alþingis en hlutverk tölvupósts vex hratt.

Á árinu var tekið í notkun stýrikerfið Windows 2000 á notendatölvum og leysir það Windows95 af hólmi. Þá var Windows2000 einnig sett upp á nokkrar þjónustustöðvar og verður það gert í auknum mæli héðan af. Verulegt hagræði er af því að geta haft sama stýrikerfi á notendatölvum og þjónustustöðvum.

Bókhaldskerfið Navision Financials hefur nú verið tekið í notkun að fullu við sölu þingskjala og áskrifta að lausaskjölum og Alþingistíðindum.

Helstu verkefni **þjónustusviðs** eru þingvarsla, ritarþjónusta, símavarsla, rekstur mötuneytis og ræsting. Í þingvörslu felst ýmis almenn þjónusta, svo sem dreifing fundarboða og þingskjala, sendingar milli húsa, öryggisvarsla í Alþingishúsi og næturvarsla. Ritara starfa í húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofuaðstöðu. Miðstöð símavorslu er á aðalskiptiborði en nokkur milliskiptiborð eru í símkerfinu. Matstofa er í Alþingishúsi og annast starfsmenn í mötuneyti matar- og kaffiþjónustu fyrir þingmenn og starfsmenn Alþingis.

Hlutverk **alþjóðasviðs** er að sinna þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, alþjóðastarfi sem heyrir undir forseta Alþingis og prótókollsmálum (siðareglum) almennt. Alþjóðasvið veitir þinginu aðstoð í alþjóðamálum, aðstoðar þingmenn við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, annast samskipti við erlendar stofnanir og erindreka, sinn-

ir gagna- og upplýsingaöflun og undirbýr alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Þá skipuleggur alþjóðasvið opinberar heimsóknir til Alþingis og á þess vegum til annarra landa sem og móttöku erlendra tignargesta í Alþingishúsinu.

Meginverkefni **rekstrarskrifstofunnar** eru gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlunar og umsjón með bókhaldi, ferðaheimildum og ferðauppgjöri auk móttöku og greiðslu reikninga. Rekstrarskrifstofa heldur utan um starfsmannamál og launavinnslu og annast rekstur og viðhald fasteigna ásamt húsbúnaði.

Starfsfólk

Stöðugildi starfsmanna á skrifstofu Alþingis voru 97,8 árið 2000, að meðtöldu starfsfólki í afleysingastörfum í barnsburðarleyfum og veikindum. Í árslok 1999 voru stöðugildin 95. Karlar voru í 40,8 stöðugildum en konur í 57 stöðugildum.

Á árinu voru ráðnir 14 starfsmenn en 11 létu af störfum, þar af fór einn á eftirlaun.

Auk þess unnu að jafnaði níu menn í hlutastörfum við ræstingar í húseignum Alþingis í samtals 7,7 stöðum. Þrír verktakar unnu við fjarvinnsluverkefni á þingfundasviði. Þá greiddi Alþingi laun ritstjóra Kristnisögu, verkefnis sem unnið var á vegum Alþingis, og einnig voru starfsfólki í Jónshúsi í Kaupmannahöfn greidd laun frá skrifstofunni. Þá annaðist skrifstofa Alþingis umsjón launa starfsmanns Vestnorræna ráðsins.

Starfsmenn skrifstofu Alþingis 1. janúar 2000:

Yfirstjórn skrifstofu Alþingis:

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri.
Helgi Bernóðsson aðstoðarskrifstofustjóri.
Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri.

Almenn skrifstofa:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.
Hafdís Þórólfsdóttir ritari.

Þingfundasvið:

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.
Ágústa Þorbergsdóttir ræðulesari.
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.
Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.
Erla Elíasdóttir ræðuhlustari.
Hlöðver Ellertsson ræðulesari.
Jón E. Böðvarsson ritstjóri.
Jón Ólafsson ræðuritari.
Jóna Guðmundsdóttir ræðuhlustari.
Kjartan Hallur Grétarsson ræðulesari.
María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.
Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri.
Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.
Sverrir Herbertsson, umsjónarmaður skjalageymslu.
Úlfar Sveinbjörnsson hljóðupptökumaður.

Nefndasvið:

Þórður Bogason forstöðumaður.
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.
Ása Sigríður Þórisdóttir ritari.
Ásdís Káradóttir skjalalesari.
Bjarndís Gunnarsdóttir matráðskona.
Björn Þorvaldsson nefndarritari.
Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari.
Friðrik Magnússon, skjalalesari og umsjónarmaður lagasafns.
Guðmundur Guðbergsson, umsjónarmaður pósthjónustu.
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri.
Hafdís Ólafsdóttir aðstoðarforstöðumaður.
Hanna Sigríður Garðarsdóttir matráðskona.
Helga Erla Þórisdóttir nefndarritari.
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.

Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri.
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

Upplýsinga- og tæknisvið:

Haukur Arnþórsson forstöðumaður.
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.
Guðný Ragnarsdóttir bókasafnsfræðingur.
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi.
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.
Jónvör Steinhólm bókasafnsfræðingur.
Ragnar Torfi Jónasson kerfisstjóri.
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri.
Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri.
Viggó K. Gíslason bókasafnsfræðingur.
Þorbjörg Árnadóttir tölvukennari.

Þjónustusvið:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.
Anna Albertsdóttir sendill.
Arnar Freyr Vilmundarson naturvörður.
Árni Guðmundsson naturvörður.
Bentína Haraldsdóttir, umsjón, símavarsla og ræsting.
Bentína Jónsdóttir, ræsting.
Bjarni Jóhannesson þingvörður.
Dagný Ingadóttir þingvörður.
Elín Rut Guðnadóttir sendill.
Elva Dís Stefánsdóttir, ræsting.
Erlendur Sveinsson yfirþingvörður.
Erna Sampsted, ræsting.
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.
Guðríður Sigurðardóttir, ræsting.
Halldóra Guðjónsdóttir fatavörður.
Harpa Gústavsdóttir þingvörður.
Heinz H. Steimann naturvörður.
Hlynur Þór Gestsson naturvörður.
Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.
Jóhanna Guðfinnsdóttir, ræsting.
Jón Elías Gunnlaugsson naturvörður.
Kristján Vignir Hallsson naturvörður.
Lára Sif Lárusdóttir, ræsting.



Starfsmenn skrifstofu Alþingis haustið 1999.

Magnúsína Valdemarsdóttir símvörður.
Margrét Ósk Árnadóttir ritari.
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.
Ólöf Guðmundsdóttir, ræsting.
Ragnheiður Sumarliðadóttir, umsjón og símvarsla.
Rakel Viggósdóttir ritari.
Rannveig Haraldsdóttir ritari.
Rannveig Haraldsdóttir símvörður.
Regína Óskarsdóttir ritari.
Sigríður Guðmundsdóttir símvörður.
Sigríður Jónsdóttir ritari.
Sigurlaug Magnúsdóttir símvörður.
Sigþóra Oddný Sigþórsdóttir símvörður
Símon S. Sigurjónsson, eftirlitsmaður hústölvu.
Sólveig María Jørgensen, ræsting.
Sólveig Stefánsdóttir þingvörður.
Sveinbjörg S. Björnsdóttir framreiðslukona.
Sveinborg Steinunn Olsen, ræsting.
Þorbjörg S. Þorsteinsdóttir framreiðslukona.
Þorgeir Jónsson, ljósritun.
Þórir J. Hall þingvörður.

Rekstrarskrifstofa:

Páll Haraldsson forstöðumaður.
Ágúst Karlsson aðalbókari.
Fjóra Valdimarsdóttir, gjaldkeri og launaritari.
Gunnar Ingibergsson, umsjónarmaður fasteigna.
Ragnar Bragason, aðstoðarmaður umsjónarmanns
fasteigna.
Þórey G. Guðmundsdóttir viðskiptafræðingur.

Alþjóðasvið:

Belinda Þurý Theriault forstöðumaður.
Einar Farestveit alþjóðaritari.
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.
Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.
Jóhanna Helga Halldórsdóttir alþjóðaritari.

Húseignir Alþingis

Starfsemi á vegum Alþingis fór fram í 11 húseignum í miðborginni. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í umsjá Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem tengd er Jónshúsi. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði í Faxaskála. Eitt húsa þingsins (Skjaldbreið) er ekki lengur í notkun og er framtíð þess óráðin.

Í eigu Alþingis er allur reiturinn sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu, ef frá er talið Vonarstræti 10 sem er í eigu Oddfellow-reglunnar. Þetta svæði er gjarnan kallað „Alþingisreiturinn“. Alþingishúsið er við Kirkjustræti 14, en við Kirkjustræti standa þrjú önnur hús Alþingis, þ.e. nr. 6, Skjaldbreið, nr. 8, Blöndahlshús, og nr. 10, Kristjánshús. Blöndahlshús og Kristjánshús voru endurgerð 1996 og tekin í notkun fyrir starfsemi Alþingis. Þá á Alþingi tvö hús við Vonarstræti, nr. 8 og nr. 12.

Einnig eru Skólabrú 2 og Þórshamar við Templarasund 2 í eigu Alþingis.

Alþingi leigir skrifstofuhúsnæði við Austurstræti. Í árslok 1999 tók þingið á leigu 2.–5. hæð Austurstræti 8–10, í nýbyggingu sem unnið var að því að innrétta á árinu 2000. Þá var 2. hæð Austurstrætis 10A tekin á leigu. Er 5. hæð í Austurstræti 12 leigð fyrir skrifstofuna og 2.–4. hæð í nr. 14.

Húsnæði Alþingis hefur þótt óhentugt sökum þess hve dreifð starfsemin er. Fyrirhugað er að reisa framtíðarhúsnæði Alþingis á „Alþingisreitnum“ og selja og losa úr leigu húsnæði utan reitsins. Fastmótadár áætlanir liggja þó ekki fyrir um hvenær og hvernig uppbyggingin verður. Framkvæmdir við fyrsta áfanga hófust á árinu 1999 við 1.000 fermetra þjónustuhús („Skála“) vestan Alþingishússins, auk 1.000 fermetra bílastæðis sem verður í kjallara. Innangengt verður milli Alþingishússins og Skálans. Stefnt er að því að framkvæmdum við þennan áfanga verði lokið á árinu 2002.



Tölvuteikning af fyrirhugaðri þjónustubyggingu við Alþingishúsið.

Sérstök verkefni

Rit um kristni á Íslandi

Alþingi samþykkti 26. mars 1990 að minnast þess með útgáfu fjögurra binda ritverks að á árinu 2000 yrðu liðin þúsund ár frá því að kristinn siður var lögtekinn á Alþingi á Þingvöllum. Ályktunin var byggð á fyrri ályktun Alþingis frá 17. apríl 1986 þar sem forsetum þingsins var falið að athuga með hvaða hætti Alþingi minntist þessa atburðar.

Ritstjórn var skipuð sama ár. Í henni áttu sæti Helgi Skúli Kjartansson, sr. Jónas Gíslason og sr. Sigurjón Einarsson sem jafnframt var formaður. Helgi Bernóðsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, starfaði frá upphafi með ritstjórninni af hálfu Alþingis og tók síðar sæti sr. Jónasar er hann óskaði lausnar af heilsufarsástæðum. Dr. Hjalti Hugason var ráðinn ritstjóri.

Á lokastigi verksins komu til samstarfs við ritstjórnina Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri Alþingis, og Þórarinn Friðjónsson, framkvæmdastjóri útgáfufyrirtækisins Skerplu.

Aðalhöfundar voru: Hjalti Hugason, Gunnar F. Guðmundsson, Loftur Guttormsson, Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson. Höfundar einstakra kafla voru: Ásdís Egilsdóttir, Einar Sigurbjörnsson, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Gunnar Kristjánsson, Hörður Áskelsson, Inga Huld Hákonardóttir, Margrét Eggertsdóttir, Njáll Sigurðsson og Þóra Kristjánsdóttir. Myndritstjórar voru: Guðbjörg Kristjánsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir. Halldór Þorsteinsson annaðist endanlega útlitshönnun. Einar S. Arnalds stýrði gerð nafna- og atriðisorðaskráa. María Gréta Guðjónsdóttir, Guðrún Þóra Guðmannsdóttir og Jóhannes Halldórsson lásu prófarkir.

Ritstjórn gaf í apríl 1991 út sérstaka ritstjórnarstefnu. Var henni ætlað að setja verkinu ytri ramma, segja til um umfang þess, skiptingu í bindi og tímaáætlun, auk þess að vera höfundum til leiðbeiningar. Til að tryggja samfellu í ritun verksins komu ritstjórn og höfundar saman til reglulegra, og um tíma tíðra, vinnufunda í Þórshamri þar sem höfundar kynntu og ræddu drög að verkum sínum.



Dr. Hjalti Hugason, ritstjóri Kristnisögunnar, og sr. Sigurjón Einarsson, formaður ritstjórnar, afhenda forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, fyrsta eintak verksins.

Ritstjórn stóð fyrir þremur opnum málþingum, haustið 1990 um meginlínur ritstjórnarstefnu, í Viðey haustið 1992 um aðferðafræðileg álitamál og vorið 1995 um þátt kvenna í kristni á Íslandi. Fyrirlestrar á þeim fundi voru gefnir út í ritinu Konur og kristsmenn; 1996, 331 bls.; ritstjóri þess var Inga Huld Hákonardóttir.

Fé var veitt til verkefnisins af rekstraráætlun Alþingis 1991–2000. Samningu efnis lauk 1997 og verkið kom út 12. apríl 2000. Var af því tilefni samkoma í efrideildarsalnum þar sem dr. Hjalti Hugason ritstjóri og sr. Sigurjón Einarsson, formaður ritstjórnar, afhentu forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, fyrsta eintak verksins.

Á árinu 2000 voru haldin tvö málþing um Kristnisöguna, á Akureyri 15. apríl og í Reykjavík 21. október.

Hið íslenska bókmenntafélag annast afgreiðslu ritsins.

Þjóðvinafélagið

Alþingi veitir Þjóðvinafélaginu fjárstuðning til útgáfumála og annast bókhald þess. Þjóðvinafélagið var stofnað af Jóni Sigurðssyni 1871 og það eitt félagi í landinu heldur aðalfund sinn í fundarsal Alþingis.

Stofnanir Alþingis

Umboðsmaður Alþingis

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnýsly ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmann Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 1999 var Tryggvi Gunnarsson, þá settur umboðsmaður, kjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2000 að telja. Fastráðnir starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru sjö í árslok 2000.

Ríkisendurskoðun

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnýsly- og umhverfisendurskoðanir.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 1998. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2000 43,5. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 12 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana.

Jónshús í Kaupmannahöfn

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags, 1879. Húsið er við Øster-Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið, íslenski söfnuðurinn og sendiráðspresturinn aðstöðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns.

Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri Jónshúss í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Rekstur Alþingis



Rekstrargjöld

Fjárheimildir ársins á fjárlögum og fjárukaulögum námu samtals 1.466,8 m.kr. Yfirfærðar ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári voru 24,1 m.kr. og nam heildarfjárheimild til ráðstöfunar því 1.490,9 m.kr. á árinu 2000.

Útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.504,3 m.kr. Útgjöld voru því 13,4 m.kr. umfram fjárheimild ársins.

Almenn rekstrarútgjöld námu 1.136,3 m.kr., rekstur og viðhald fasteigna 109 m.kr., framkvæmdir við húseignir 229,2 m.kr. og stofnkostnaður við búnað (aðallega tölvur og hugbúnað) 29,7 m.kr. Framkvæmdir við þjónustuskála eru ekki meðtaldar.

Bein útgjöld í tengslum við þingstörfin voru 641,3 m.kr. Er þá átt við laun alþingismanna, þing-


fararkaup og hvers konar bein útgjöld í tengslum við störf þeirra, innan lands og utan, þingfararkostnað. Enn fremur er talinn kostnaður við störf fastanefnda, alþjóðanefnda og erlend samskipti forsætisnefndar. Til þessa telst einnig prentun Alþingistíðinda og annarra skjala, svo og sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.

Launa- og starfsmannagjöld skrifstofu Alþingis námu 324,4 m.kr. Útgjöld við sérstök verkefni, svo sem kristnihátíð, útgáfu Kristnisögu og Jónshús í Kaupmannahöfn, námu 64,3 m.kr. Loks námu sameiginleg útgjöld þar á meðal rekstur tölvu- og hugbúnaðar og ýmis skrifstofukostnaður 106,3 m.kr.

Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2000 með áritun sinni.


Alþingi, 30. maí 2001



Halldór Blöndal
forseti Alþingis



Friðrik Ólafsson
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson
rekstrar- og fjármálastjóri

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar og sundurliðanir nr. 1–26. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar, í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2000 og efnahag 31. desember 2000, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. maí 2001



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

Rekstrarreikningur fyrir árið 2000

	2000	1999
Rekstrartekjur:		
Sölutekjur	9.089.852	9.741.596
Aðrar tekjur	30.990.114	2.104.105
Tekjur alls	<u>40.079.966</u>	<u>11.845.701</u>
 Rekstrargjöld:		
Alþingiskostnaður	455.123.750	439.898.183
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	46.700.000	46.695.377
Fastanefndir	84.400.530	74.625.253
Alþjóðasamstarf	132.015.680	73.200.042
Almenn skrifstofa, yfirstjórn	33.260.268	35.198.505
Rekstrarskrifstofa	38.771.847	32.375.454
Þingfundasvið	80.345.181	66.991.283
Upplýsinga- og tæknisvið	85.130.275	66.158.208
Þjónustusvið	121.702.880	109.077.852
Sérverkefni	68.696.777	23.546.731
Rekstur fasteigna	90.110.192	64.183.291
	<u>1.236.257.380</u>	<u>1.031.950.179</u>
Viðhald fasteigna	18.999.727	37.717.729
Stofnkostnaður	291.451.615	55.631.680
Gjöld alls	<u>1.546.708.722</u>	<u>1.125.299.588</u>
 Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða	<u>(1.506.628.756)</u>	<u>(1.113.453.887)</u>
 Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	2.312.118	(371.451)
 Tekjuhalli án ríkisframlags.....	<u>(1.504.316.638)</u>	<u>(1.113.825.338)</u>
 Ríkisframlag	<u>1.466.800.000</u>	<u>1.119.900.000</u>
 (Tekjuhalli) afgangur	<u>(37.516.638)</u>	<u>6.074.662</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir:

	2000	1999
Áhættufé:		
Hlutfé Intís hf.	92.000	92.000
Ríkissjóður	57.457.838	18.219.496
Veltufjármunir:		
Gjafabirgðir	529.263	516.087
Viðskiptakröfur	17.739.388	38.545.993
Handbært fé	8.866.594	6.512.022
Veltufjármunir alls	27.135.245	45.574.102
Eignir alls	84.685.083	63.885.598

Skuldir og eigið fé:

Höfuðstóll:

Höfuðstóll í ársbyrjun	24.075.014	18.000.352
Tekjuafgangur ársins	(37.516.638)	6.074.662
Höfuðstóll alls	(13.441.624)	24.075.014

Annað eigið fé:

Endurmatsreikningur	475.442	837.694
Framlag til eignamyndunar	92.000	92.000
Annað eigið fé samtals	567.442	929.694
Eigið fé í árslok	(12.874.182)	25.004.708

Langtímaskuldir:

Realkredit Danmark	4.942.560	4.952.477
--------------------------	-----------	-----------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir	92.616.705	33.928.413
Skuldir og eigið fé alls	84.685.083	63.885.598

Skýringar með ársreikningi (útdráttur)

Reikningsskilaaðferð

Reikningsskil Alþingis eru með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Þannig eru áhrif almennra verðbreytinga ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi. Eignaskrá er haldin um eignir Alþingis. Reikningsskilin eru frábrugðin reikningsskilum A-hluta stofnana að því leyti að framlag ríkisins er fært yfir rekstrarreikning stofnunarinnar en ekki eiginfjárreikning hennar.

Fjárheimildir og greiðslur

Fjárheimildir ársins námu samtals 1.466.800 þúsundum króna, en útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.504.317 þúsundum króna. Útgjöld voru því 37.517 þúsundum króna umfram fjárheimild ársins. Yfirfærðar ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári voru 24.076 þúsundir króna og nam heildarfjárheimild til ráðstöfunar því 1.490.876 þúsundum króna á árinu 2000. Fjárheimildir ársins 2000 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum:

Í þús. kr.	Reikningur 2000	Fjárheimild 2000	Mismunur
Alþingiskostnaður	455.124	479.747	(24.623)
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	46.700	46.704	(4)
Fastanefndir	84.401	62.225	22.176
Alþjóðasamstarf	132.016	114.092	17.924
Almennur rekstur	359.210	378.582	(19.372)
Sérverkefni	68.697	49.195	19.502
Rekstur fasteigna	90.110	77.338	12.772
Viðhald fasteigna	19.000	56.489	(37.489)
Stofnkostnaður, tæki	291.452	234.403	57.049
Fjármagnskostnaður	410		410
Gjöld, fjárheimildir samtals	1.547.119	1.498.775	48.344
Sértekjur	(42.802)	(7.900)	(34.902)
Mismunur	1.504.317	1.490.875	13.442

Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2000 námu 1.504.316.638 kr. umfram tekjur og skiptast með eftirfarandi hætti niður á tegundir:

	2000	1999	1998
Laun	676.430.839	634.107.609	538.974.046
Önnur gjöld	821.564.752	442.330.473	384.158.256
Tilfærslur	49.123.335	49.232.957	51.592.002
Gjöld samtals	1.547.118.926	1.125.671.039	974.724.304
Sértekjur	(42.802.288)	(11.845.701)	(9.155.685)
Gjöld umfram tekjur	1.504.316.638	1.113.825.338	965.568.619

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs en verðhækkun milli árunna 1999 og 2000 er metin þannig að laun hafi hækkað um 6,7%, sértekjur um 261,3% og önnur gjöld um 85,7%. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum hækkuðu um 390.482 þúsundir króna eða 35,1%.

Launagjöld – tegundaskipting

	2000	1999
Grunnlaun (þingfararkaup og dagvinna starfsmanna Alþingis)	480.245.391	435.604.892
Vaktaálagsgreiðslur	4.483.834	4.309.871
Aukagreiðslur	63.430.125	71.514.096
Yfirvinna	28.396.806	23.498.580
Launatengd gjöld	99.874.683	99.180.170
Launagjöld samtals	676.430.839	634.107.609

Skuldbindingar utan efnahags

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar fyrir starfsmenn stofnunarinnar eru áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding fyrir starfsmenn stofnunarinnar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

Orlofsskuldbinding

Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er áunnin orlofsskuldbinding í árslok ekki færð í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana. Orlofsskuldbinding fyrir starfsmenn stofnunarinnar frá maí til desember 2000 hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

Sundurliðanir

Alþingiskostnaður

Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, eru starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, svo sem símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup og tryggingar.

	2000	1999
Þingfararkaup	297.714.618	294.745.716
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur	87.677.508	86.824.156
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur	69.731.624	58.328.311
	455.123.750	439.898.183

Rekstur Alþingis 2000

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

	2000	1999
Þingflokkur Alþýðubandalags	0	1.015.217
Þingflokkur Framsóknarflokks	8.927.940	9.872.754
Þingflokkur Sjálfstæðisflokks	18.542.648	18.262.388
Þingflokkur Samfylkingarinnar	12.361.764	9.217.819
Samtök um kvennalista	0	507.609
Þingflokkur Jafnaðarmanna	0	2.030.435
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.....	4.807.352	4.459.019
Þingflokkur Frjálslynda flokksins	2.060.296	1.330.136
	<u>46.700.000</u>	<u>46.695.377</u>

Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst annars vegar í rekstri skrifstofu alþjóðasviðs og hins vegar í kostnaði við starfsemi alþjóðanefnda, auk alþjóðasamstarfs á vegum forseta og forsætisnefndar. Útgjöld við einstakar alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld.

	2000	1999
Skrifstofa alþjóðasviðs	23.441.368	15.263.500
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	11.906.041	15.891.285
Norðurlandþing í Reykjavík	36.721.306	0
Þingmannasamtök NATO	3.474.947	3.005.572
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	6.903.955	5.109.064
Þingmannafundir EFTA	6.765.688	5.755.926
Alþjóðáþingmannasambandið	4.785.445	2.929.311
Vestnorræna þingmannaráðið	7.605.568	5.309.661
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna	3.574.382	2.815.094
RÖSE-þingið	2.225.440	1.717.714
Vestur-Evrópusambandsþingið	2.020.637	1.416.944
Á vegum forsætisnefndar	19.929.021	13.114.258
Þingmannaráð norðurheimskautsráðsins	1.253.189	721.967
Annað erlent samstarf	1.408.693	149.746
	<u>132.015.680</u>	<u>73.200.042</u>

Alþjóðasamstarf á vegum forsætisnefndar

Útgjöld sem falla undir alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar eru þríþætt. Í fyrsta lagi eru heimsóknir forseta Alþingis til erlendra þinga og aðrar opinberar heimsóknir sendinefnda frá Alþingi. Í öðru lagi eru móttökur erlendra gesta sem sækja Ísland heim í boði Alþingis. Í þriðja lagi er um að ræða fundi og ráðstefnur erlendis sem þingmenn sækja með sérstakri heimild forsætisnefndar.

	2000	1999
Móttaka erlendra gesta	7.539.336	2.486.421
Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis	6.697.213	3.891.850
Heimsóknir erlendis	5.692.472	6.735.987
	<u>19.929.021</u>	<u>13.114.258</u>

*Ávörp
flutt á Kristnihátíð
á Þingvöllum*



Ávarp Edward Idris Cassidy, fulltrúa Páfagarðs

Það eru mikil forréttindi að hafa verið valinn af Jóhannesi Páli páfa 2. sem fulltrúi hans við þessi hátíðahöld. Í boðunarbréfinu þar sem mér er falið þetta mikilvæga verkefni vísar hans heilagleiki til hátíðarinnar sem „tilefni til þess að gleðjast“, sem „eins þessara kærkomnu tækifæra sem Guð veitir okkur til að byggja upp og auka einingu milli kristinna manna“.

Hans heilagleiki hvetur okkur til að líta „með auðmýkt“ til baka yfir þau þúsund ár sem liðin eru „frá því að með vilja Guðs nafn Krists barst til þessarar eyjar“. Trúboðarnir sem þá komu voru að sjálf-sögðu í nánú sambandi við biskupinn í Róm og íslenska kirkjan var sjálf í tengslum við kirkjuna í Róm í um helming þess tímabils sem við nú fögn-um. Því er ekki að undra að „móðurkirkjan gleðjist ásamt öllum kristnum mönnum yfir hátíðahöldun-um sem efnt er til vegna þessa merka viðburðar“.

Til allrar hamingju hefur, á undanförunum árum, náðst viss sátt um þann aðskilnað sem varð innan kirkjunnar um miðbik síðasta árþúsunds. Hátíðahöld á borð við þessi hvetja okkur til að líta í sameiningu fram á við til samskipta okkar í framtíðinni og til þess að styrkja þann ásetning okkar að endur-reisa þá einingu sem tapaðist einhvers staðar á leið-inni.

Jóhannes Páll páfi 2. ítrekar í boðunarbréfi sínu að ég eigi að leggja „áherslu á mikilvægi kirkjulegra og annarra almennari andlegra ávaxta þessarar minningarhátíðar“.

Með þetta í huga vil ég leggja áherslu á að ég er ekki hér með ykkur sem yfirmaður páfanefndar um einingu kristinna manna, heldur, líkt og segir bréfi páfa: „Það er minn vilji að hátt settur embættismað-ur klerkastjórnar kaþólsku kirkjunnar taki þátt í þeim trúarlegu og borgaralegu hátíðahöldum sem fram fara dagana 1. og 2. júlí. Hann mun vera op-inber fulltrúi minn og hefur fullt vald til að tala fyrir mína hönd og tjá mitt viðhorf öllum þeim kristnu mönnum sem þar verða.“

Sem sérstakur sendiboði Jóhannesar Páls páfa 2. ávarpa ég fúslega og af alúð alla þá sem hér eru staddir. Ég var sérstaklega beðinn þess að flytja for-



Edward Idris Cassidy flytur kveðju Jóhannesar Páls II páfa.

seta lýðveldisins og Karli Sigurbjörnssyni biskupi kveðju í bæði vinsemd og bróðerni. Rétt eins og páfi sjálfur ávarpaði forvera ykkar í sögulegri heimsókn sinni til þessarar eyjar í júní árið 1989.

Heimsókn Jóhannesar Páls páfa 2. til Norðurlandanna 1989 var merkur áfangi í samskiptum lútersku og kaþólsku kirkjunnar. Sú heimsókn var upphafið að nýjum kafla í samskiptum okkar og hafa þau samskipti í kjölfarið náð að blómstra á marga ólíka vegu. Stórt skref var til að mynda tekið fram á við í Augsburg í Þýskalandi 31. október á síðasta ári er Lúterska heimssambandið og rómversk-kaþólska kirkjan undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu um réttlætingu af trú þar sem kirkjudeildirnar falla frá fordæmingu og bannfæringu hvor á annarri. Þrautseigja í umræðum, sem staðið höfðu yfir í nokkra áratugi, leiddi af sér þetta ótrúlega þrekvirki á þessu sviði guðfræðilegrar rökræðu, rökræðu sem batt enda á deilu sem skilið hafði okkur að í ein 450 ár. Það sem við vinnum að þessa dagana er enn frek-ari úrvinnsla þeirrar áskorunar.

Jóhannes Páll páfi 2. lýkur bréfi sínu með þessum orðum: „Með því að framfylgja hlutverki sérstaks sendiboða af visku munt þú af hlýðni við Krist herra okkar, sem bað þess að við gætum öll verið sem eitt, bæta einni fjöður í hatt þessarar miklu minningarhátíðar.“

Megi herrann láta svo verða!

**Ávarp Kristi Kolle Grøndahl,
forseta norska Stórþingsins**

Það er mér mikill heiður að fá að flytja ræðu fyrir hönd erlendra þingforseta við þessi glæsilegu hátíðahöld í tilefni af kristnitökunni á Íslandi. Við vorum áðan viðstödd sögulegan fund Alþingis, þúsund árum eftir að þingheimur samþykkti þá þingsályktun sem við komum saman til að minnast.

Sem forseti norska Stórþingsins verð ég að viðurkenna að fyrir þúsund árum gerðum við Íslendingum ekki auðvelt fyrir. Það takmark víkingakonungsins Ólafs Tryggvasonar að kristna Íslendinga snerist ekki einungis um trúarbrögð. Það snerti ekki síður stjórnmálalegt frelsi og sjálfstæði ungrar þjóðar. Harkalegar aðferðir konungsins við að kristna Norðmenn voru vel kunnar, sömuleiðis löngun hans til að bæta Íslandi við ríki sitt.

Sem þingmaður ber ég mikla virðingu fyrir landi sem svo snemma sem á tíundu öld sameinaðist um stjórnarskipun sem byggðist á löggjafarsamkomu skipaðri fulltrúum þjóðarinnar. Á sama tíma og aðrar þjóðir Evrópu sameinuðust um ættarhöfðingja eða konung komu Íslendingar á nýrri, mjög fullkominni og algerlega einstæðri stjórnarskipan.

Verkefnið sem blasti við Alþingi var að finna lausn sem ekki mundi kljúfa þjóðina í tvennt og gæfi ekki til efni til margra ára borgarastyrjaldar. Alþingi sýndi aðdánarverða hæfni til að leysa þennan gordíónshnútt.

Ályktun þingsins hafði mikil áhrif á söguna, hún kom í veg fyrir að trúmál yrðu eilíft ágreiningsefni og sýndi fram á mikilvægi lýðræðislegrar stjórnarskipunar.

Nú minnumst við ekki einungis sögulegs atburðar í tilteknu landi á tilteknum tíma. Þingsályktunin er mikilvæg enn þann dag í dag. Enn er lýðræði ekki sjálfgefið alls staðar í heiminum en markmið lýðræðislegrar stjórnarskipunar njóta meiri viðurkenningar nú en nokkru sinni fyrir.

Ekki er til nein ein aðferð eða uppskrift að því hvernig lýðræði skuli skipulagt en virkt þjóðþing er alls staðar forsenda góðrar stjórnar. Þjóðþing sem setur lög er þungamiðja hvers stjórnkerfis sem tekur mið af mismunandi sjónarmiðum og hagsmunum í samfélaginu.



Kristi Kolle Grøndahl, forseti norska Stórþingsins.

Í raunverulegu lýðræði fá allir tækifæri til að taka þátt í stjórn samfélagsins. Að minnsta kosti eiga allir helstu samfélags- og hagsmunahópar fulltrúa í stjórnmálastarfinu. Hver og einn kemur með sín sjónarmið.

Ef ekki er hlustað á mikilvæg sjónarmið áður en ákvarðanir eru teknar munu þeir sem finnst þeir hafa verið útilokaðir ekki telja sig bundna af ákvörðuninum. Ákvarðanirnar brjóta þá í bága við réttarvitund almennings. Það er einungis með frjálsri þátttöku og fulltrúum allra að hægt er að viðhalda virðingu fyrir þinginu og ákvörðunum þess.

Tilgangur lýræðislegra stofnana er sá að unnt sé að skiptast á skoðunum. Ein skoðun má ekki yfirgnæfa aðrar. Ein erfiðasta staða sem lýðræðisleg löggjafarsamkoma lendir í er þegar álíka fjölmennar fylkingar eru á öndverðum meiði um eitthvert mál efni, málefni sem varðar alla og snertir tilveru þjóðarinnar.

Í slíkri stöðu voru þeir sem komu hér saman fyrir þúsund árum. Fá ríki hafa leyst úr jafnerfiðu vandamáli af sömu visku og framtíðarsýn eins og Alþingi gerði hér á Íslandi, undir stjórn Þorgeirs Þorkelssonar.

Í dag vottum við virðingu þeirri visku sem þá var sýnd. Ákvörðun þingsins ætti að vera okkur öllum hvatning til að leita lýðræðislegra lausna á ágreiningsefnum. Þar af leiðandi minnumst við ekki einungis sögulegs atburðar. Af honum getur samtími okkar dregið mikilvægan lærdóm. Lítið til Íslands! Lærið af Þorgeiri Þorkelssyni!

Fyrir mína hönd og starfsbræðra minna er mér sönn ánægja að óska ykkur heilla á þúsund ára afmæli kristni á Íslandi.

Ávarp Sólveigar Pétursdóttur, dóms- og kirkjumálaráðherra

Hér á Þingvöllum varð þjóðin til. Hana mynduðu afkomendur fólks sem hingað sigldi frá fjarlægum löndum í leit að friði og farsæld. Forfeður þess komu frá byggðum og áhrifasvæðum norræns fólks í Noregi og á Bretlandseyjum. Þeir voru af norrænum og keltneskum stofni. Þeir voru víkingar, bændur, kaupmenn, skáld og sögumenn. Þeir voru menn, konur og börn, frjálsir menn og ófrjálsir. Flestir voru þeir goðatrúar, en aðrir voru kristnir eða trúðu á vættir og dísir eða einhverja blöndu af átrúnaði.

Þeir sáu skjótt að koma þyrfti skipulagi á samskipti þeirra sem landið byggðu, til þess að sameina krafta þeirra til nauðsynlegra verka. Þeir sáu að setja þyrfti lög og skera úr deilumálum með friðsamlegum hætti. Þetta gerðu þeir. Þeir komu á hreppum og staðbundnum þingum heima í héraði og þeir komu á allsherjarþingi hér á Þingvöllum. Hér fóru bæði fram löggjafarstörf og dómstörf í aðskildum stofnunum. Hér komu menn árlega saman frá öllum landsins byggðum og hér skapaðist sú samkennd sem gerði íbúa landsins að einni þjóð – Íslendingum.

Íslendingar vildu ekki framselja ákvörðunarvald sitt til eins höfðingja. Þeir vissu af reynslu forfeðra sinna að slíkt gat haft í för með sér ánaud og erfiða tíma og þeim var ljóst að margir forfeðrana höfðu einmitt flúið ánaud konungsvalds sem taldi að þegnarnir væru til að þjóna valdinu en ekki hið gagnstæða. Sú skipan ríkti hér í nær fjórar aldir eftir upphaf landnámsins. Hér ríktu lög en ekki konungar með framkvæmdarvald en það var skipan sem ekki átti sér hliðstæðu í álfu okkar á þeim tíma.

Þegar að því kom að velja þyrfti þjóðinni sam-eiginleg trúarbrögð, sökum erlends þrýstings og trúmálaágreinings valdamikilla höfðingja, leystu menn það á þessum stað. Tekist var á með brandi orðsins en ekki brandi blóðsins. Og lausnin var fundin, að því er segir í Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar, á þann veg að málið var lagt í dóm viturs manns, Þorgeirs Ljósvefningagoða, sem sjálfur var goðatrúar.

Hinn eftirminnilegi úrskurður hans varð heillarikur. Kristin trú hefur orðið þjóðinni til blessunar. Hún hefur mildað mannlega framkomu á margvís-



Sólveig Pétursdóttir flytur ávarp sitt á kristnitökuhátíð.

legan hátt, gefið þjóðinni viðmið í daglegu lífi og veitt henni styrk og huggun í þrautum.

Með kristnitökunni bárust nýir straumar til landsins, ekki bara straumar trúarinnar heldur straumar evrópskrar kirkjuskipunar og evrópskrar bókmennningar. Hér spruttu af þeim meiði bókmenntir á norrænni tungu, bókmenntir sem enn eru akkeri íslenskrar menningar. Biskupsstólar og klaustur urðu fræðslustofnanir í fremstu röð. Kristin trú, kristið siðferði og kristin kirkja urðu og eru enn styrkur þjóðarinnar í baráttunni við náttúru sem á sér óbliðar hliðar og ýmis áföll sem yfir hafa dunið. Þjóðin nærðist af kristinni trú og kirkjan óx af þjóðinni. Hin upprunalega norræna tunga varðveittist, ekki síst fyrir tilstuðlan þeirra kirkjulegu rita sem á hana voru skráð.

Fyrir tilstuðlan erlends drottvara skipti þjóðin síðar um kirkjudeild. Það gerðist ekki á jafnfríðsamlegan hátt og kristnitakan sjálf. Siðaskiptin röskuðu þó ekki þeim kjarna kristinnar trúar sem þegar var óaðskiljanlegur þjóðarsálinni og er það enn. Þau urðu til þess að styrkja menningu okkar og þjóðerni.

Í upphafi nýrrar aldar horfum við fram á veg. Við sjáum ekki til loka þess árþúsunds sem nú er hafið en við hefjum göngu okkar með trúna að leiðarljósi, trúna sem þjóðin ákvað á þessum stað fyrir þúsund árum að helga líf sitt og störf.

Megi Guð blessa okkur á þeirri braut.